



Mánaðamót

1. október 2025

Greiningardeild Landsbankans

Markaðsdagatal – október 2025


Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
		1. október Verðbólga á evrusvæðinu	2	3 Atvinnuleysi í Bandaríkjunum
6	7	8 Vaxtaákvörðun (SÍ)	9 Ölgerðin birtir uppgjör	10 Brottfarir um Keflavíkurfl. í sept. (FMST) Skráð atvinnuleysi (VMST)
13	14	15 Verðbólga í Bandaríkjunum	16 Hagar birta uppgjör	17 Greiðslumiðlun í september (SÍ)
20	21 Vísitala íbúðaverðs í september (HMS)	22 Fundargerð peningastefnunefndar (SÍ) Velta skv. VSK-skýrslum f. júl.-ágú. (HAG) Vísitala leiguverðs í september (HMS) Heimar og Síminn birta uppgjör Verðbólga í Bretlandi	23 Vísitala launa í september (HAG) Mánaðarskýrsla hagdeildar (HMS) Icelandair og Landsbankinn birta uppgjör	24 Útlánakönnun 4F (SÍ)
27	28	29 Arion banki, Eik og Skagi birta uppgjör Vaxtaákvörðun í Bandaríkjunum	30 Vísitala neysluverðs í október (HAG) Gistinætur í september (HAG) Festi, Íslandsbanki, Nova og Sjóvá birta uppgjör VLF í Bandaríkjunum (3F) VLF á evrusvæðinu (3F) Vaxtaákvörðun á evrusvæðinu	31 Verðbólga á evrusvæðinu

Verðbólga

Verðbólga jókst úr 3,8% í ágúst upp í 4,1% í september og er aftur komin yfir efri vikmörk verðból gumarkmiðs SÍ. Aukin verðbólga skýrist að langmestu leyti af því að lækkunaráhrif gjaldfrjálsra skólamáltíða frá því í september í fyrra dattu út úr 12 mánaða taktinum. Áhrifin af þessari breytingu koma inn í VNV án húsnæðis og allar kjarnavísitölurnar þrjár. Því jókst árshækkun þeirra einnig á milli mánaða.


Vísitala neysluverðs

Breyting á milli ára



Nýjasta mæling, fyrir mánuði og fyrir ári síðan


Breyting milli ára



Breyting VNV á milli mánaða


Vísitalan hækkaði um 0,11% á milli mánaða í september, mjög nálægt okkar spá um 0,07% hækkun. Flestir liðir breyttust eins og við gerðum ráð fyrir. Föt og skór hækkuðu minna en við spáðum og verð á fötum og skóm er ennþá lægra en það var fyrir sumarútsölur. Reiknuð húsaleiga hækkaði aftur á móti umfram spána.

Framlag undirliða í september



Septembermælingar VNV

Breyting á milli mánaða ásamt framlagi undirliða




Samsetning ársverðbólgu


Framlag almennrar þjónustu til ársverðbólgu jókst verulega á milli mánaða, en þar undir flokkast skólamáltíðirnar, sem voru, sem fyrr segir, gerðar gjaldfrjálsar í september í fyrra. Lækkunaráhrifin af því detta nú út úr 12 mánaða taktinum. Framlag innfluttra vara dróst saman á milli mánaða, sem skýrist að mestu af því að útsölur á fötum og skóm hafa enn ekki gengið alveg til baka. Minnkandi verðþrýstingur á innfluttra vörur skýrist líklega ekki síst af sterku gengi krónunnar.

Verðbólga eftir eðli og uppruna

Breyting á milli ára ásamt framlagi undirliða



Breyting á samsetningu ársverðbólgu



1) Innfluttar vörur án bensíns. 2) Almenn þjónusta án flugfargjalda til útlanda. 3) Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu.


Heimild: Hagstofa Íslands

Horfur næstu mánuði

Við gerum ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 0,35% í október, lækki um 0,06% í nóvember og hækki um 0,37% í desember. Gangi spáin eftir verður ársverðbólga 4,2% í október og 4,0% í nóvember og desember.


Verðbólguþspá

Breyting milli mánaða ásamt framlagi undirliða



Verðbólguþspá

Ársverðbólga




Stýrivextir

Næsta vaxtaákvörðun verður kynnt miðvikudaginn 8. október. Verðbólga hefur haldist í kringum 4% síðan í febrúar, en áfram má grein skýr merki um þenslu í hagkerfinu og verðbólguvæntingar hafa lítið breyst. Þó hefur smám saman tekið að hægjast um í hagkerfinu, landsframleiðsla dróst þó nokkuð saman á öðrum ársfjórðungi og íbúðaverð hækkar mun hægar en áður. Í ljósi þrálátrar verðbólgu teljum við nær óhugsandi að peningastefnunefnd lækki vexti að sinni.

Vaxtaákvörðanir peningastefnunefndar


Dags.	Lagt til	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Niðurstaða	Meginvextir
8. feb. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		HS (+0,75%)	+0,50%	6,50%
22. mar. 2023	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			+1,00%	7,50%
24. maí 2023	+1,25%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+1,00%)		+1,25%	8,75%
23. ágú. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+0,25%)		+0,50%	9,25%
4. okt. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP	HS(+0,25%)	ÁÓP (+0,25%)	óbr.	9,25%
22. nóv. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP,HS			óbr.	9,25%
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
8. maí 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		óbr.	9,25%
21. ágú. 2024	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			óbr.	9,25%
2. okt. 2024	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS (óbr.)	-0,25%	9,00%
20. nóv. 2024	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			-0,50%	8,50%
5. feb. 2025	-0,50%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			-0,50%	8,00%
19. mar. 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			-0,25%	7,75%
21. maí 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP		HS (óbr.)	-0,25%	7,50%
20. ágú. 2025	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			óbr.	7,50%
8. okt. 2025						
19. nóv. 2025						

Meginvextir Seðlabanka Íslands



Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði


Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði lækkaði til tveggja ára, fimm ára og tíu ára í september. Það lækkaði meira til fimm ára en til tíu ára og hækkaði álagið til fimm ára eftir fimm ár því.




Verðbólga, verðbólguvæntingar og raunstýrivextir

Meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar hefur haldist á þröngu bili það sem af er ári, á milli 3,5% og 3,7%. Raunvextir, hvort sem miðað er við liðna verðbólgu eða meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar, hafa lækkað það sem af er ári.

Verðbólga og verðbólguvæntingar



Raunstýrivextir




Meðaltal mánaðar. Verðbólguvæntingar eru meðaltal verðbólguálags á skuldabréfamarkaði til tveggja ára og fimm ára og væntingakönnun markaðsaðila til eins árs og næstu fimm ár. Skyggða svæðið er hæsta og lægsta gildið. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans

Fasteignamarkaðurinn


Vísitala íbúðaverðs lækkaði um 0,54% á milli mánaða í ágúst. Lækkunin var drifin áfram af sérbyli á landsbyggðinni sem lækkaði um 1,1%. Áfram dregur úr árshækkun vísitölunnar, en hún fór úr 4,2% í júlí niður í 2,2% í ágúst.

Vísitala íbúðaverðs

Breyting á milli ára




Undirritaðir kaupsamningar á landinu öllu




Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi var 3,4% í ágúst og var óbreytt á milli mánaða. Atvinnuleysi var 0,2 prósentustigum meira í ágúst síðastlinum en í ágúst í fyrra.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Kortavelta jókst um 3,0% á milli ára í ágúst að raunvirði. Þar af jókst hún um 3,5% erlendis en dróst saman um 0,5% innanlands. Verulega aukin kortavelta Íslendinga erlendis rímar vel við stórfellda fjölgun utanlandsferða á þessu ári. Það sem af er ári hafa utanlandsferðir Íslendinga verið um 21% fleiri en á sama tíma í fyrra. Þróun kortaveltu bendir til þess að meðalheimilið hafi að miklu leyti staðið af sér hátt vaxtastig án þess að hafa þurft að halda verulega aftur af neyslu. Á sama tíma og kortavelta hefur aukist og utanlandsferðum fjölgað hafa innlán heimila aukist talsvert. Samhliða virðist tiltölulega lítið um yfirdrátt sem er einnig merki um að heimilin standi vel. Því er líklega innistæða til áframhaldandi neyslu næstu misserin.




Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán viðskiptabankanna námu 1,3 mö.kr. í ágúst. Hrein ný verðtryggð lán námu 5,4 mö.kr. en hrein uppgreiðsla á óverðtryggðum lánum var 1,1 ma.kr. Gögn um hrein ný útlán lífeyrissjóða í ágúst verða birt mánudaginn 6. október.



Viðskiptajöfnuður við útlönd

Halli á viðskiptum Íslands við útlönd nam 82,3 mö.kr. á öðrum ársfjórðungi. Afgangur af þjónustujöfnuði nam 61,8 mö.kr. og 3,9 ma.kr. afgangur var af frumpáttatekjum. Á móti var 135,2 ma.kr. halli á vöruviðskiptum og 12,8 ma.kr. halli á rekstrarframlögum. Viðskiptahalli Íslands hefur aldrei verið jafnmikill og á síðustu þremur fjórðungum og skýrist að verulegu leyti af stórfelldum innflutningi á tölvubúnaði vegna uppbyggingar á gagnaverum.




Staðan í ferðaþjónustu

Rúmlega 311 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurflugvöll í ágúst, 10,6% fleiri en í ágúst í fyrra. Það sem af er ári hafa brottfarir erlendra ferðamanna verið 3,1% fleiri en á sama tímabili í fyrra. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlandis jókst um 2,2% á milli ára á föstu verðlagi og um 14,4% á föstu gengi.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns




Þróun helstu mælikvarða

Breyting á milli ára



Gengi krónunnar

Krónan styrktist á móti bæði evru og bandaríkjadal í september. Í lok mánaðarins stóð evran í 142,2 í stað 143 í lok ágúst (-0,1 króna) og bandaríkjadalur stóð í 121,3 í stað 122,7 í lok ágúst (-1,4 króna).




Gjaldeyrisviðskipti Seðlabanka Íslands og lífeyrissjóða

Fyrir utan reglubundin kaup greip Seðlabankinn ekki inn á markaðinn í september. Seðlabankinn keypti evrur fyrir 9,7 ma.kr. á tímabilinu 1.-26. september og það sem af er ári hefur hann keypt evrur fyrir 58,3 ma.kr. Uppsöfnuð kaup lífeyrissjóðanna á gjaldeyri fyrstu átta mánuði ársins námu 23,6 mö.kr., sem er tæplega helmingur af kaupum þeirra á sama tímabili í fyrra. Samanlögð kaup SÍ og lífeyrissjóðanna á fyrstu 8 mánuðum ársins voru um 12 ma.kr. meiri en á sama tímabili í fyrra.

Inngrip Seðlabanka Íslands



Uppsöfnuð kaup lífeyrissjóða innan árs



Útgáfa Greiningardeildar í september

11. september: Hagsjá: Spáum 4,1% verðbólgu í september

23. september: Hagsjá: Aukin neysla, aldrei jafnmargar utanlandsferðir og bílakaup færast í aukana

25. september: Hagsjá: Verðbólga eykst í takt við væntingar

Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).

